

Alþingi
Erindi nr. B 120 / 1776
komudagur 30/4 1996

Nefndadeild Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri /Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 1996

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, 421.
mál, um skattlagningu fjármagnstekna.**

Samtök iðnaðarins hafa fengið umrætt frumvarp til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Stjórn og ráðgjafaráð SI fjallaði um málið á fundi sínum í gær og vill lýsa stuðningi sínum við frumvarpið og jafnframt koma eftirfarandi sjónarmiðum sínum á framfæri.

Að mati Samtaka iðnaðarins er rétt að leggja þrenns konar mælikvarða á tillögur um fjármagnstekjuskatt:

1. Einföldun og samræming skattlagningar.
2. Alþjóðleg þróun.
3. Áhrif á íslenskt atvinnulíf.

Einföldun og samræming skattlagningar

Samtök iðnaðarins eru sammála þeirri meginniðurstöðu sem felst í frumvarpinu að taka beri upp skatt á vaxtatekjur einstaklinga, sem nú eru skattfrjálsar og að allar aðrar fjármagnstekjur einstaklinga verði jafnframt skattlagðar á svipaðan hátt, en í því felst skattalækkun frá því sem nú er. Samræming á skattlagningu fjármagnstekna, sem hefur verið mjög mismunandi eftir sparnaðarformi, er löngu tímabær. Raunar er það svo að nauðsynlegri samræmingu verður ekki þar með lokið, því þá á enn eftir að samræma álagningu eignarskatts með sama hætti.

Það eru engin rök fyrir því að vaxtatekjur einstaklinga skuli skattalega njóta algers forgangs umfram atvinnutekjur og aðrar fjármagnstekjur svo sem arð, húsaleigu og söluhagnað. Það er ótvírætt að það misræmi sem felst í skattfrelsi vaxtatekna og skattlagningu annarra fjármagnstekna er úrelt fyrirkomulag.

Í álitni nefndar sem fjallaði ítarlega um málið og undirbjó þær tillögur sem frumvarpið byggir á, kemur skýrt fram að í grundvallaratriðum er um þrjár leiðir að velja varðandi framkvæmd þessarar skattlagningar:

1. Skattlagning raunvaxta með sama skatthlutfalli og aðrar tekjur.
2. Skattur á nafnvexti með lágu hlutfalli, að mestu í staðgreiðslu.
3. Skattlagning nafnvaxta skv. framtali með afslætti eða frítekjumarki.



Fallist er á vel rökstudda niðurstöðu nefndarinnar sem hafnaði skattlagningu raunvaxta (leið 1). Framkvæmdin yrði mjög flókin og dýr, og væntanlega nánast óframkvæmanleg án afnáms bankaleyndar. Þyngst vegur þó að væru vaxtatekjur skyndilega skattlagðar með sama skatthlutfalli og aðrar tekjur (42-47%) myndi svo hár jaðarskattur valda miklum neikvæðum áhrifum á innlendan sparnað, vaxtahækkunum og fjármagnsflóttu.

Með lágum skatti á nafnvexti (10%) sem frumvarpið gerir ráð fyrir (leið 2) verður framkvæmdin mun einfaldari og ódýrari en skattlagning raunvaxta. Þá hefur þessi leið þann ótvíræða kost að hægt er að innheimta skattinn að langmestu leyti í staðgreiðslu. Að mati Samtaka iðnaðarins er lágt samræmt skatthlutfall ótvírætt besti kosturinn enda liður í samræmingu skattlagningar fjármagnstekna og mun auk þess valda minnstri röskun.

Nefndin fjallar í álitinu sínu ítarlega um það hvort rétt sé að taka upp frítekjumörk eða frádrátt frá vaxtatekjum áður en til skattlagningar kemur. Samkvæmt gildandi lögum er sérstakt frítekjumark vegna móttækinnar arðgreiðslna hjá einstaklingum og sérstakar reglur eru einnig um skattlagningu húsaleigutekna. Samtök iðnaðarins eru sammála þeirri niðurstöðu nefndarinnar að ekki sé rétt að taka upp sérstakan skattafslátt eða frítekjumörk vegna vaxtatekna, heldur skuli nú nota tækifærið til samræmingar á skattlagningu allra fjármagnstekna og þar með verði gildandi sérreglur afnumdar. Til greina kemur að sameina skattafslátt vegna mismunandi flokka fjármagnstekna en einfaldast er að láta almennan persónuafslátt ganga á móti greiðslu fjármagnstekjuskatts. Persónuafslátt ætti að endurskoða með tilliti til þessa.

Að fenginni þessari niðurstöðu er í raun búið að hafna þeirri leið sem gert er ráð fyrir að fara í skattlagningu vaxtatekna í frumvarpi þriggja formanna stjórnarandstöðuflokka (428. mál) en það frumvarp gerir ráð fyrir að 60% vaxtatekna umfram ákveðið frítekjumark (40.000 hjá einstaklingi) verði skattlagt með almennu skatthlutfalli (42-47%). Þessi aðferð er nokkurs konar sambland af þeim reglum sem nú gilda um skattlagningu arðs og húsaleigutekna. Að mati Samtakanna er þessi aðferð ekki heppileg og að því gefnu hefur skattlagning nafnvaxta samkvæmt framtali (leið 3) engan tilgang en marga ókosti, svo sem aukinn eftirlitskostnað eða afnám bankaleyndar, auknar líkur á undandrætti og flóknari framkvæmd.

Alþjóðleg þróun

Ljóst er að Ísland er eina landið innan OECD sem ekki skattleggur vaxtatekjur einstaklinga. Þessi staðreynd á sér sögulega skýringu í áralangri óðaverðbólgu og neikvæðum raunvöxtum með tilheyrandi hruni í frjálsum sparnaði og skömmtum fjármagns. Þessar forsendur hafa nú breyst mjög í þá átt að hér ríki eðlilegt ástand og þar með skapast möguleiki til að skattleggja hér vaxtatekjur með svipuðum hætti og í öðrum löndum.

Afar brýnt er að skattlagning fjármagnstekna hér á landi verði í sem mestu samræmi við það sem tíðkast í okkar nágretta- og samkeppnislöndum.



Með opnum mörkuðum og frjálsum fjármagnsflutningum eru löndin í raun í innbyrðis samkeppni um fjármagnið, framleiðsluna og vinnuaflið. Frelsi í fjármagnsflutningum hefur víða um lönd leitt til lækkandi skattlagningar á vaxtatekjur á undanförunum árum, til þess að hamla gegn fjármagnsflóttu og undandrætti frá skatti.

Jaðarskattar eru mjög háir í þeim löndum þar sem fjármagnstekjur eru skattlagðar eins og atvinnutekjur án sérstakra ívilnana. Segja má að valið standi milli þess að hafa hátt skatthlutfall með skattafslætti eða undanþágum eða hafa lágt skatthlutfall án undanþága. Alþjóðleg þróun gengur tvímælaust í þá átt að einfalda og samræma skattlagningu fjármagnstekna. Tvö af hverjum þrem aðildarríkjum OECD innheimta staðgreiðsluskatt af vöxtum og þróunin er í þá átt að æ fleiri ríki innheimta skatta af fjármagnstekjum í staðgreiðslu án undanþága en með lágu skatthlutfalli. Sú er t.d. stefna Evrópusambandsins. Tillögur nefndarinnar og frumvarpið sem á þeim byggja eru þannig í samræmi við alþjóðlega þróun.

Nefndinni var ekki ætlað að fjalla um breytingar og samræmingu eignarskatts, en mikilvægt er að Alþingi marki um það skýra stefnu að skatti á vaxtatekjur og samræmingu skattlagningar annarra fjármagnstekna verður að fylgja samræming og lækkun eignarskatta. Eignarskattar eru hvergi í OECD ríkjum hærri en hér á landi nema í Noregi, þar sem þeir eru svipaðir. Háir eignarskattar hér á landi hafa gjarna verið réttlættir með skattfrelsi vaxta. Þegar skattlagning vaxtatekna hefur verið tekin upp er forgangsverkefni að nýta þann tekjuauka sem sú skattlagning færir í ríkissjóð til þess að jafna hér skattlagningu eigna og lækka eignarskatta í heild.

Áhrif á íslenskt atvinnulíf

Íslenskur fjármagnsmarkaður er óðum að opnast og samkeppni vex þar hröðum skrefum. Innlendir lántakendur hafa nú frjálst val um innlenda eða erlenda fjármögnun. Þetta hlýtur að leiða til þess að vaxtakjör á innlendum markaði munu í framtíðinni ráðast í vaxandi mæli af vaxtaþróun á alþjóðlegum markaði.

Samtök iðnaðarins leggja á það höfuðáherslu að samræmd og hófleg skattlagning fjármagnstekna mun draga úr hættunni á innlendum vaxtahækkunum og fjármagnsflóttu úr landi og án efa efla fjárfestingu í hlutabréfum og þar með eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja. Misræmið í skattlagningu fjármagnstekna hefur hamlað gegn fjárfestingu einstaklinga í íslenskum fyrirtækjum. Sérstaklega á þetta við um smærri fyrirtækin. Kaupendur hlutabréfa í þeim hafa í engu notið þeirrar hvatningar sem felst í núgildandi ákvæðum skattalaga um takmarkaðan frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar einstaklinga í atvinnurekstri.

Íslensk smáfyrirtæki hafa átt mjög erfitt með að fá nauðsynlegt áhættufjármagn í sinn rekstur. Við ríkjandi aðstæður er einfaldlega arðbærara að fjárfesta í hlutabréfum skráðra hlutafélaga sem veita skattafslátt, eða tekjuskattsfrjálsum verðbréfum sem auk þess eru í flestum tilvikum einnig



eignarskattsfrjáls. Með þeirri samræmingu sem hér er fyrirhuguð er stórlega dregið úr þessum mismun, þó hann sé fráleitt úr sögunni.

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á og taka undir það sem fram kemur í álitni nefndarinnar:

„Nefndin telur að mismununin í skattlagningu vaxta og annarra fjármagnstekna hafi unnið gegn æskilegri og nauðsynlegri eiginfjármýndun í íslenskum fyrirtækjum og staðið þeim fyrir þrifum. Það getur skipt sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu að fólk fjárfesti í hlutafé. Í því sambandi er sérstaklega mikilvægt að þeir aðilar sem hafa mikið fé umleikis taki með hlutafjárkaupum þátt í því að auka eigið fé í atvinnurekstri. Af þessum ástæðum er nefndin sammála um mikilvægi þess að allar fjármagnstekjur einstaklinga séu skattlagðar með svipuðum hætti. Jafnframt bendir nefndin á að æskilegt sé að samræma álagningu eignarskatts með sama hætti, en tillögur þar um eru utan verksviðs nefndarinnar.“

Að lokum skal hér gerð athugasemd við bráðabirgðaákvæði II. í frumvarpinu, sem fjallar um svokallað jöfnunarverðmæti hlutabréfa. Þar segir í fyrstu málsgrein:

„Á árunum 1997 og 1998 skal ákvarða jöfnunarverðmæti hlutabréfa og skal það verð lagt til grundvallar eftir gildistöku laga þessara sem kaupverð í hendi hluthafa við ákvörðun söluhagnaðar eða sölutaps hjá hluthöfunum og við slit félags.“

Þetta ákvæði stangast að óbreyttu á við þá meginreglu sem fram kemur í 4. gr. frumvarpsins (2. mgr. 17, gr. laganna) en þar segir:

„Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar.“

Í samræmi við þetta er lagt til að 1. mgr. í bráðabirgðaákvæði verði breytt þannig:

„Á árunum 1997 og 1998 skal ákvarða jöfnunarverðmæti hlutabréfa og verður **heimilt** eftir gildistöku laga þessara að leggja það til grundvallar í stað kaupverðs við ákvörðun söluhagnaðar eða sölutaps hjá hluthöfunum og við slit félags.“

Virðingarfyllt,
F.h. Samtaka iðnaðarins

Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri